



Útgáfustefna Sögufélags

sett af stjórn félagsins 12. maí 2016

Í 2. grein laga Sögufélags segir: „Markmið félagsins er að gefa út tímarit, heimildarit og annað efni um sagnfræði og söguleg efni, einkum um sögu Íslands.“ Í samræmi við þetta markmið setur Sögufélag sér útgáfustefnu sem svo hljóðar:

1. Tímaritið *Saga* verði hér eftir sem hingað til í fremstu röð íslenskra fræðirita og vettvangur fyrir sagnfræðilegar greinar og frjóa umfjöllun um sögu og sagnfræði. Ritrýni verði í hæsta gæðaflokki og fylgt skriflegum verklagsreglum í þeim eignum. Áfram komi út tvö hefti af *Sögu* á ári (vor og haust). Launuðum ritstjóra til fulltingis starfar fagleg ritnefnd sem starfar í umboði stjórnar Sögufélags. Stjórnin skipar fulltrúa í ritnefnd *Sögu* í samráði við ritstjóra.
2. Sögufélag leggur metnað í að gefa út vönduð heimildarit og ritraðir um sögu Íslands og ýmis önnur verk um sagnfræði og sögulegt efni. Til greina koma sagnfræðileg rannsóknarrit, greinasöfn, yfirlitsrit og alþýðleg verk, prentuð og rafræn. Útgefin rit Sögufélags skulu vera fjölbreytt að viðfangsefni. Stjórn félagsins er heimilt að efna til útgáfu rita í samstarfi við önnur félög, bókaforlög eða aðra aðila, enda samræmist það útgáfustefnu þessari að öðru leyti og verði staðfest með skriflegu samkomulagi.
3. Sögufélag gefur einungis út vönduð rit, hvort heldur litið er til efnistaka, framsetningar eða frágangs. Komi Sögufélag og höfundur (eða höfundar) sér saman um að rit skuli ritrýnt skal fylgt skriflegum verklagsreglum. Ritrynimarki verði þá prentað á upplýsingasíðu ritsins.
4. Ákvörðun um útgáfu er í höndum stjórnar Sögufélags. Sú ákvörðun byggist á því hvort útgáfan sé markvert framlag, annað hvort til fræðilegrar eða alþýðlegrar sagnfræði. Að því búnu skipar stjórn félagsins umsjónarmann með verkinu sem annist samskipti við höfund, yfirlesara, umbrotsaðila og prentsmiðju samkvæmt rituðu verklagi. Ætla má að umsjónarmaður komi jafnan úr röðum þeirra er sitja í stjórn Sögufélags. Við umfangsmeiri útgáfu verði skipuð ritnefnd umsjónarmanni til fulltingis.
5. Tryggt skal að útgáfustarfsemi Sögufélags standi undir kostnaði, bæði beinum og óbeinum, enda liggi fyrir ítarleg kostnaðaráætlun fyrir hvert verk. Eðlilegt er því er að afla styrkja eða leita eftir samstarfi við stofnanir og aðra fjársterka aðila, einkum þegar um viðameiri rit er að ræða. Stjórn félagsins gerir útgáfuáætlun fyrir hvert ár í samræmi við tíma og fé sem félagið hefur til ráðstöfunar. Í öllum tilvikum verður gerður útgáfusamningur þar sem fram komi skyldur aðila.